

Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
Sími: 411-6060 / Fax: 411-6070
borgarskjalasafn@reykjavik.is
www.borgarskjalasafn.is

Helga Marín Níelsdóttir
Ljósmóðir og forstöðukona

(1903-1986)

- Skjalaskrá -

Einkaskjalasafn nr. 227

Helga Marín Níelsdóttir

ljósmóðir og forstöðukona

Helga Marín Níelsdóttir var fædd 21. júní 1903 á Halldórsstöðum, Saurbæjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu og lést 28. apríl 1986 í Reykjavík. Foreldrar hennar voru Níels Sigurðsson bóndi þar og á Æsustöðum og Sigurlína Rósa Sigtryggsdóttir.

Helga lauk ljósmóðurprófi úr Ljósmæðraskóla Íslands 1924; hún stundaði framhaldsnám í Fæðingarstofnun Ríkisspítalanna í Kaupmannahöfn 1926-1927 og námsdöl í Stokkhólmi, Ósló og Bergen 1927.

Helga lærði fatasaum á Akureyri um 1918. Hún stofnaði og starfrækti Fæðingarheimilið við Eiríksgötu 1933-1940. Hún var forstöðukona heimilishjálpar Reykjavíkur 1950-1976 og var embættisljósmóðir 1949-1973. Eiginmaður Helgu var Pálmi Jósefsson skólastjóri í Reykjavík. Helga eignaðist tvær dætur, Huldu Kristinsdóttur sem er viðskiptafræðingur, og Eddu Níels, félagsfræðing.

Helga fékk 14. mars 1934 leyfi dóms- og kirkjumálaráðuneytis til að starfrækja fæðingarheimili fyrir 10 sængurkonur í húsi nr. 37 við Eiríksgötu (Hringbraut 78). Hún lét reisa viðbótarbyggingu við það, sem innangengt er í úr fæðingarheimilinu, með það fyrir augum að starfrækja í báðum þessum húsum sjúkrahús fyrir 14 sjúklinga og smábarnaheimili fyrir 15 börn. Nýttísku skurðarstofa og fæðingarstofa voru í viðbótarbyggingunni. Helga fékk leyfi til að taka á móti sængurkonum sem þörfuðust sjúkrahúsvistar og lækniþæðgerða sakir veikinda vegna barnsburðar.

Helgu heimilaðist einnig að taka á móti sjúklingum til augnaðgerða. Um stutt skeið var rekið hótél í viðbyggingunni. Með bréfi frá landlækni var sá rekstur afnuminn. Helga rak hótél um skeið (1940-1946?) að Miklubraut 1, er bar heitið Hótél Evrópa.

Edda Níels, dóttir Helgu, færði safninu skjöl móður sinnar 16. apríl 2002.

Edda færði safninu gestabækur og. fl. 24. maí 2002. Þann 21. júní gefur Edda safninu enn nokkur skjöl.

15. október 2004 færði Edda safninu en nokkur skjöl. Byrjun árs 2006 bættust í safnið skjöl varðandi 70 afmæli Helgu 1973.

Sjá einnig E-224: Stefán Nikulásson og Sigrún Bergsteinsdóttir

Athugið: Askja 1 inniheldur TRÚNAÐARMÁL að hluta.

Skjalaskrá

Askja 1

- Bréf frá Sigurlínu Rósu Sigtryggsdóttur, Skjaldarvík, Eyjafirði, til frænda hennar, 23.janúar 1955, í umslagi merktu Sigurlínu.
- Skuldabréf á nafni Helgu M. Níelsdóttur, ljósmóður, 1938.
- Ökuskírteini Helgu Marinar Níelsdóttur, 28. júlí 1975; ökuskírteini Helgu, án árs, þ.e. vantar framhlið kápu.
- Heimilisbókhalld, 1948-1949.
- Reikningar, 1932-1939; laun verkamanna við húsið Hringbraut 78, 1938-1939; byggingarkostnaður vegna íbúðarhúss á Æsustöðum.
- Víxlar, 1938.
- Höfuðbók, merkt: Höfuðbók Helgu M. Níelsdóttir. Eiríksgötu 37.
- Gestabók, löggilt gestabók Hótel Evrópu, Miklubraut 1, Reykjavík, 1946.
- Bréf varðandi Félag Áhugaljósmyndara, ódagsett.
- Kvenréttindafélag Íslands 40 ára 1907 – 27. janúar 1947.
- Jón Dúason: Landkönnun og landnám Íslendinga í Vesturheimi, Reykjavík 1941.
- C.C. Christensen og A.M. R. Krogsgaard: Atlas for Folkeskolen, København 1948.
- Erlang, A.K.: Fircifrede Logaritmetavler og Andre Regnetavler til Brug ved Undervisning og i Praksis. København 1947.
- Tíminn, sunnudagsblað, 6.tbl. sunnudagurinn 16. febrúar 1969.
- **TRÚNAÐARMÁL:** Ýmis skjöl varðandi fæðingar, meðlagsmál, afsöl móðurréttar, bréf/afrit til framfærslunefndar, skýrslur um fæðingar, kærur, dómsmál, o.fl.; ýmsir pappírar varðandi fjármál, sjúkrahúsrekstursleyfi, byggingarleyfi, o.fl.

Askja 2

Fært safninu 24. maí 2002.

- Gestabók, löggilt gestabók Hótel Evrópu, Miklubraut 1, Reykjavík, 1940-1941.
- Gestabók sumarbústaðarins Ljósalandar, Laufskógum við Hveragerði, 1959-1969.
- Minningargrein, vélrituð, um Vilborgu Sigurveigu Jónsdóttur, ljósmóður, f. 2. október 1902.
- Laufey Valdimarsdóttir: Réttarhjálpi mæðrastyrksnefndar, sérpr., án árs.

Fært safninu 21. júní 2002.

- Vátryggingafélagið hf.: Ferðaslysaskírteini Helgu Níelsdóttur og Eddu R. Níels, Miklubraut 1, 1955.
- Trygging hf.: Ferðaslysaftrygging Bergsteins Stefánssonar, 1963.
- Skóli Ísaks Jónssonar: Kvittanir skólagjalda, 1950-51.
- Reikningur frá Mortan Simonsen, Hotel Djurhuus í Færeyjum, 1948.

Skráð: Ragnhildur Bragadóttir

Askja 3.

Fært safninu 15. október 2004.

- Dönsk lög um ljósmæður útg. 1953.
- Ljósmæðrabókin, gefin út af skrifstofu landlæknis. lög nr. 13, frá 23. júní 1932.
- Frumvarp til laga um breytingu á ljósmæðralögum, nr.17, frá 19. júní 1933.
- Lög um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar útg. 28. janúar 1935.
- Lög Ljósmæðrafélags Reykjavíkur dags. 19. júní 1942
- Gjaldskrá fyrir Ljósmæðrafélag Reykjavíkur, ódagsett (6 eintök).
- Ljósrit úr Ljósmæðratali um Helgu Þórðardóttur, fædd 4. júní 1866.
- Úrklippa úr Tímanum föstud. 27. janúar 1956. Uppkast af dánarminningu um Sigurlínu Sigtryggsdóttur frá Æsustöðum. Uppkast af minningarorði um Sigurlínu R. Sigtryggsdóttur frá Halldóru Bjarnadóttur.
- Bréf til Sr. Sigurðar á Möðruvöllum frá fólkinu í Skjaldarvík og forstjóra þess.
- Kristneshæli 40 ára í dag. Úrklippa úr Morgunblaðinu miðvikud. 1. nóv. 1967.
- Bréf frá Helgu til foreldra hennar frá 1921.
- Bréf frá Júlíusi Ólafssyni frænda Helgu, dags. 3. maí 1938.
- Bréf til og frá Helgu og dóttur hennar, Huldu, frá foreldrum Helgu Niels og Sigurlínu frá árunum 1936 – 1949.
- Ýmsar hugleiðingar óundirskrifaðar m.a. um hörmungarnar í Reykjavík 1918.
- Bréf til Lilju dags. 26. des. 1922.
- Bréf til Sigurlínu 6. okt. 1946 frá Páli Þormar v/happdrætti Sálarrannsóknarfélagsins.
- Afmælisgrein um Sigurlínu 75 ára.
- Hugleiðingar ónafngreindar en trúlega Helgu.
- Úrklippa úr Morgunblaðinu 3. júlí 1983 afmæliskefja til Helgu 80 ára.

Askja 4.

- Bækur með lista yfir afmælisgjafir til Helgu í tilefni af 70 ára afmæli hennar 1973, sem renna til kvensjúkdómadeildar Landspítalans ásamt gjafakortum.
- Heillaóskaskeyti.
- Heiðursskjal þar sem Forseti Íslands gerir kunnugt að Helga Níelsdóttir, ljósmóðir, hafi hlotið heiðursmerki Rauða Kross Íslands. (Skjalið er ódagsett). Einnig er mynd af Helgu að taka við heiðursskjalinu.
- Nokkur jólakort frá 1970 og 1977.

Skráð: Elín Þórðardóttir, ágúst 2006